






ÁRSRIT 2014

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Sími: 565 7373 • gkg@gkg.is
www.gkg.is

Snjallpakkarnir okkar eru sveigjanlegri

Sveigðu pakkann

Ef þú klárar gagnamagnið í farsímaleiðinni geturðu nú skipt mínútum út fyrir gagnamagn og haldið áfram að vafra.



Kynntu þér nýju sveigjanlegu Snjallpakkana

Allir sem eiga snjallsíma vita að suma mánuði talar maður meira en aðra mánuði er maður meira á netinu í símanum. Sveigjanlegu Snjallpakkarnir okkar eru farsímaleið þar sem þú sveigir pakkann þinn, hvort sem er í áskrift eða frelsi, með því að skipta mínútum út fyrir gagnamagn eða öfugt, allt eftir þörfum hverju sinni. Þú stjórnar og aukakostnaðurinn er enginn!

Þú getur meira með Símanum



Ágætu félagar!

Þetta starfsár hefur um margt verið sérstakt fyrir okkur. Það er einkum þrennt sem mig langar að nefna, sem gerir þetta starfsár eftirminnilegt.

GKG átti 20 ára afmæli 24. mars 2014 Íslandsmótið í högggleik fór í fyrsta skipti fram á okkar velli Hafinn verður bygging á Íþróttamiðstöð GKG.

Þó 20 ár séu ekki hár aldur, þá fannst okkur full ástæða til að halda upp á þessi tímamót. Það var gert með samkomu daginn fyrir afmældisdaginn, þar sem mættu 250 - 300 félagar og áttu saman ánægulega stund. Þar var m.a. skrifað undir viljayfirlýsingu um fjármögnun nýrrar íþróttamiðstöðvar fyrir GKG, þar sem Kópavogur og Garðabær lofuðu leggja fram 440 milljónir á næstu 5 árum til byggingarinnar. Forseti GSÍ, Haukur Örn Birgisson flutti ræðu og afhenti okkur farandbikar, sem skyldi afhenda þrúðasta unglingi GKG ár hvert. Forsetinn haldi GKG í hástert og þakkaði sérstaklega hversu góð samskipti hefðu alltaf verið milli GKG og GSÍ.



Guðmundur Oddsson formaður GKG

Íslandsmótið í högggleik fór fram á Leirdalsvelli dagana 24. - 27. júlí í sumar. All nokkur aðdragandi var að þessum viðburði, því á formannafundi í Vestmannaeyjum 2006 fór undirritaður fram á að GKG héldi mótið á 20 ára afmælisárinu 2014. Við höfðum því nokkuð góðan tíma til undirbúnings, en við sáum ekki fyrir okkur hve náttúruöflin geta sett mikið strík í undirbúning mótsins. Klakabrynja lá yfir vellinum í marga mánuði og unnu starfsmenn okkar kraftaverk í að koma vellinum í stand, því Íslandsmótið fór fram á glæsilegum velli og öll umgjörð mótsins var hin fagmannlegasta og golfíþróttinni til mikils sóma. Ég vil á þessum stað þakka okkar frábæra starfsfólki og ekki síður þeim mikla fjölda sjálfboðaliða sem hjálpaði okkur við að gera mótið eins glæsilegt og raun bar vitni. Toppurinn á þessu öllu var síðan sigur Birgis Leifs Hafþórssonar á mótinu, en hann landaði sínum 6. Íslandsmeistaratitli í högggleik, og jafnaði þar með met þeirra Björgvins Þorsteinsonar og íþróttastjóra GKG Úlfars Jónssonar. Bygging Íþróttamiðstöðvar GKG hefur verið í undirbúningi í mörg ár. Þar hafa margir lagt hönd á plóg til að koma þessum framkvæmdum af stað, en það er nú á næstu vikum sem byggingin fer af stað. Helgi Halldórsson, arkitekt hannaði og teiknaði húsið, en heildarkostnaður við fullbúna Íþróttamiðstöð GKG er áætlaður um 660 milljónir króna. Ég fullyrði að þessi bygging mun gjörbreyta allri starfsemi okkar um ókomin ár og vil ég óska okkur öllum til hamingju með þetta glæsilega mannvirki.

EFNISYFIRLIT

- 5. Nýting valla
- 7. Stjórn og nefndir
- 8. Birgir Leifur
- 9. Skipting félagsmanna
- 10. Stjórnarstörf
- 12. Vinavellir
- 14. Kvennanefnd
- 17. Íþróttasvið

- 18. Úrslit Meistaramóts 2013
- 20. Árangur kylfinga
- 23. Mótanefnd
- 26. Barna- og unglínganefnd
- 27. Vallarnefnd
- 28. Vallarstjóri
- 30. Trjáræktarnefnd
- 32. Aganefnd
- 32. Fjáröflunarnefnd

- 34. Áritun stjórnar
- 35. Áritun óháðs endurskoðanda
- 36. Rekstraryfirlit
- 37. Efnahagsreikningur
- 38. Sjóðsstreymi
- 40. Líflægur golfklúbbur (myndir)
- 42. Klúbbmeistarar 2013
- 42. Lokaorð



Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG agnar@gkg.is

Ársrit GKG 2013
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Umbrot: Sigurður Hlöðversson.
Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.
Sérstakar þakkir: Sigurður Hlöðversson.



Frá vinstri: Guðmundur Oddsson formaður, Gunnar Páll Þórisson meðstjórnandi, Gunnar Jónsson meðstjórnandi, Jón K. Baldursson varamaður, Einar Gunnar Guðmundsson varamaður, Kristinn Jörundsson gjaldkeri, Áslaug Sigurðardóttir varaformaður, Ragnheiður Stephensen varamaður, Bergþóra Sigmundsdóttir meðstjórnandi og Símon Kristjánsson ritari.

Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 30. nóv. 2013, var stjórn GKKG svona skipuð:

- Guðmundur Oddsson, formaður,
- Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður
- Kristinn Jörundsson, gjaldkeri,
- Simon Kristjánsson, ritari
- Gunnar Jónsson, meðstjórnandi,
- Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi
- Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi,
- Ragnheiður Stephensen, varamaður
- Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður,
- Jón K. Baldursson, varamaður.

Stjórnin hélt 11 bókaða fundi auk félagsfunda og fjölda annarra funda þar sem einstakir stjórnarmenn funduðu með hinum ýmsu aðilum þar sem reynt var að þoka fram hagsmunamálum GKKG. Flestir þessara funda voru við stjórnendur Kópavogs og Garðabæjar, einkum vegna fjármála og framkvæmda. Þó mikill tími hafi farið í fundahöld við sveitarfélögin þá eru störf stjórnar mörg önnur og hefur stjórnin reynt að halda vel utan um fjármálin, en það er okkur afar mikilvægt að þau séu í góðu lagi. Þá er okkur mikilvægt að afreks- og unglíngastarf sé í góðu lagi og vitaskuld reynum við að fylgjast vel með þeim þáttum. Þá skipaði stjórnin bygginganefnd fyrir hina nýju Íþróttamiðstöð, en hún hefur haldið fjölmarga fundi og unnið frábært starf. Bygginganefndin er þannig skipuð: Finnur Sveinhjörnnsson, formaður, Einar Gunnar Guðmundsson, ritari, Ragnheiður Stephensen, og Grétar Leifsson. Þá hafa þeir Agnar Már, framvæmdastjóri, Helgi Halldórsson, arkitekt og Guðmundur Á. Gunnarsson, vallaarstjóri unnið með nefndinni. Nefndinni var sett ítarlegt erindisbréf, þar sem tíundað er valdsvið og verksvið hennar. Nefndin setti nokkrar lykildagsetningar, sem því miður hafa ekki staðist, en þar er ekki við nefndina að sakast. Þar var gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýju Íþróttamiðstöðina myndu hefjast hinn 18. október s.l.

Félagar í GKKG

Í fyrsta skipti hefur orðið fækkun félaga í klúbbnum, en árið 2013 voru 1915 skráðir en nú í ár eru skráðir 1830, sem er tæp 5% fækkun. Fullborgandi félagar eru nú 1271 en voru 1323, sem er 4% fækkun, en mesta fækkunin er hins vegar í hópnnum 13 ára og yngri, en þar er fækkunin 21%. Ellismellum hefur hins vegar fjölgað um 12% milli ára. Við eigum að sjálfsgöðu að velja þessari þróun fyrir okkur því það er GKKG afar mikilvægt að halda öllum sínum félögum, því frá þeim kemur stærsti hluti teknanna eða um 60%.

Samskipti við sveitarfélögin

Í öll þau 20 ár sem GKKG hefur starfað hafa samskiptin við sveitarfélögin, Kópavog og Garðabæ, verið mikil. Vitaskuld þurfum við að eiga gott samstarf og ég held að hægt sé að fullyrða að gagnkvæmur skilningur sé á þeim þætti. Við höfum í gegnum tíðina þurft að leita til sveitarfélaganna varðandi uppbyggingu vallanna og allra meiriháttar framkvæmda sem við höfum unnið að á þessum árum. Eins höfum við mætt skilningi varðandi hina

ýmsu rekstrarþætti. Það er hins vegar svo, að GKKG hefur ekki eingöngu verið þiggjandi í þessum samskiptum því við veitum íbúum sveitarfélaganna mikla þjónustu. Þar má nefna hið óflugla barna- og unglíngastarf sem rekið er á vegum GKKG og raunar ekki síður höfum við lagt mikla áherslu á að eldri borgar geti stundað golfið við góðar aðstæður. Sá þáttur á bara eftir að aukast og sem betur fer er aukinn skilningur á að golfið auki lífsgæði fólks og gerir menn heilsuhraustari.

Daginn fyrir 20 ára afmældisdaginn þann 23. mars s.l. var undirrituð viljayfirlýsing um fjárstuðning Kópavogs og Garðabæjar vegna byggingar Íþróttamiðstöðvar GKKG. Þá um leið voru kynnt uppbyggingaráform okkar og lögð fram fjárhagsáætlun vegna verksins, sem hljóðaði upp á kr. 660 milljónir. Við höfum síðan unnið að samningi við sveitarfélögin vegna málsins og liggur hann nú fyrir með samþykki bæjarstjórna beggja sveitarfélaganna. Sá fyrirvari er í samningnum að samþykki lóðareiganda, ríkissjóðs, þurfi til áður en gengið er endanlega frá samningnum við sveitarfélögin. Þegar þetta er skrifað fer fram stjórnsýsluleg meðferð í ráðuneytinu varðandi það mál.

Starfsmannamál

Starfsmannamál hjá GKKG eru í góðum gir og helst okkur vel á fólki. Það er helst að aðstoðarvallaarstjórar hætti störfum, en nú gegnir Kristján Bjarni Heimisson þeirri stöðu. Þá var Valgeir Tómasson ráðinn sem aðstoðarmaður framkvæmdastjóra í sumar, og sá hann um stýringu á Íslandsmótinu í höggleik en hann er okkur að góðu kunnur, sem starfsmaður GKKG til margra ára. Flestir starfsmenn í golfverslun og vallargæslu voru hinir sömu og áður. Veitingar voru undir stjórn Sigurðar Ingasonar sem fyrr og mun hann verða áfram næsta starfsár. GKKG er stór vinnustaður yfir sumarmánuðina og starfsmenn urðu flestir 76 á völlumum í sumar.



Fjármálin

Þó ekki verði á þessum stað rætt mikið um fjármál klúbbsins þá er nauðsynlegt að koma aðeins að þeim málum. Rekstur klúbbsins gekk vel á þessu starfsári og skilaði rúmum 11 milljónum í tekjuafgang. Góðir félagar, við höfum greitt á þessu ári um 40 milljónir vegna íþróttamiðstöðvinnar, sem ekki eru inni í reikningum þessa árs. Innheimta félagsgjalda er

um 1 milljón lægri í krónum talið en árið 2013 og samdráttur var í vallargjöldum. Hins vegar var veruleg aukning í tekjum af styrktarsamningum og golfmótum, en mótin voru þó ekki fleiri en árið á undan. Launaliðir hækkuðu talsvert, en sá liður spilar saman við framkvæmdaþáttinn. Við fengum 24 milljónir í styrki frá sveitarfélögnum til framkvæmda og vegna íþrótt- og tómsundamála. Kópavogur styrkti okkur um 12 milljónir og Garðabær um 12.

Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar í GKKG getað farið á 6 svokallaða vinavelli. Vellirnir voru á Helli, Keflavík, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Grindavík. Vegna Íslandsmótsins í höggleik voru gerðir samningar um að GKKG félagar gætu leikið á völlumum í Brautarholti og í Grindavík en þar var frítt spil á meðan á mótinu stóð. Á þessu ári þurfti GKKG að greiða 2,3 milljónir króna vegna þessa, sem er svipuð krónutala og árið á undan. Ekki hefur verið tekin ákvörðun fyrir næsta sumar, en gera má ráð fyrir því að sömu vellir verði áfram í boði fyrir félagar GKKG. Á þessu starfsári voru spilaðir 1396 (1881) hringir á vinavöllum, en Grindavíkuvöllur kom nýr inn. Skipting á vellina var sem hér segir: Hella 340 (580), Borgarnes 264 (530), Akranes 340 (295), Keflavík 236 (263), Selfoss 139 (213) og Grindavík 77 samtals 1396 (1881) hringir. Þessum vinavallahringjum hefur fækkað um 1100 á síðustu þremur árum.


Glæsleg afrek

Klúbbmeistarar GKKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2014 urðu þau Ingunn Einarsdóttir og Emil Þór Ragnarsson. Margir kylfingar úr GKKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Hæst ber árangur Birgis Leifs Hafþórssonar sem varð Íslandsmeistari í höggleik árið 2014. Auk þess hefur Birgir Leifur verið að standa sig vel á hinum ýmsu mótum erlendis. Birgir Leifur er án alls vafa besti kylfingur Íslands í dag. Karlasveit GKKG varð í öðru sæti í sveitakeppni GSÍ og kvennasveitin varð í 4. sæti. Í flokkum eldri kylfinga varð karlasveitin í 7. sæti og kvennasveitin í 6. sæti. Við eigum fjölmarga unga kylfinga sem hafa verið að standa sig með miklum sóma bæði hér og erlendis. Þar má nefna m.a: Ragnar Má Garðarsson, Aron Snæ Júlíusson, Kristófer Orra Þórðarson, Egil Ragnar Gunnarsson, Sigurð Arnar Garðarsson, Inga Rúnar Birgisson, Herdísu Lilju Þórðardóttur, Ölmú Rún Ragnarsdóttur og Freydisi Eiríksdóttur. Þetta fólk ásamt mörgum fleirum eru

okkar framtíðar golfarar. GKKG er með óflugasta barna- og unglíngastarf á landinu. Í klúbbnum eru fjölmargir mjög efnilegir unglíngar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það hefur verið markviss stefna okkar að gefa okkar unga fólk kost á auknum æfingum og betri aðstæðum til golfiðkunnar. Þetta starf er nú að skila okkur miklum árangri á landsvísu og GKKG á mikinn fjölda mjög efnilegra unglíngar sem stöðugt eru að bæta sig og eru nú þegar komnir í hóp þeirra allra bestu á landinu. Við



eigum að halda afrekum okkar fólks hátt á lofti og nýta okkur þennan góða árangur til frekari framdráttar. Það eflir allt okkar starf og hvetur okkur til frekari dáða. Þjálfarar okkar með þá Úlfar Jónsson, Derrick Moore og Hauk Má Ólafsson fremsta í flokki hafa unnið frábært starf fyrir GKKG og er full ástæða til að þakka þeim fyrir.





Afmælishátið

Við höldum upp á 20 ára afmælið sunnudaginn 23. mars 2014 þó afmælið sé þann 24. Bæði er það, að sunnudagur er til sælu, en fyrst og fremst vegna þess að þá eru flestir í fríi. Við gerðum okkur ekki grein fyrir því hve margir myndu mæta, en gerðum okkur vonir um að all nokkrir félaga myndi koma. Án þess að formleg talning hafi farið fram, þá telja töluglökkir að gestir hafi verið um 250. Við lögðum upp með að bjóða upp á snyttur, kaffi, gos og súkkulaði, sem mæltist vel fyrir.

Fyrir utan afmælið var tilefnið kannski ekki síður að skrifað var undir viljayfirlýsingu milli GKG, Kópavogs og Garðabæjar um byggingu á Íþróttamiðstöð fyrir GKG. Þessi viljayfirlýsing er marktæk vegna þess að í henni er vísað til ýmissa gagna, sem búið var að vinna, en þar koma fram bæði teikningar af mannvirkinu og kostnaðaráætlun. Þess utan höfum við fengið munnleg loforð frá báðum bæjarstjórnunum um að sveitarfélögin muni saman leggja fram um 450 milljónir. Byggingasamningur verður gerður svo fljótt sem verða má, en mikil vinna er þó eftir við undirbúning, svo sem teikningar o.fl. Við gerum okkur vonir um að skóflustunga að nýja skálanum verði á komandi hausti.



Dagskráin hófst kl: 15:00 á því að ég fór yfir nokkra punkta úr sögu GKG og er ræðan hér að ofan. Þá las Agnar framkvæmdastjóri upp viljayfirlýsinguna og síðan töluðu báðir bæjarstjórnir. Þeir fóru lofsamlegum orðum um GKG og lögðu báðir áherslu á að svona félagskapur væri alls ekki þrýstihópur, heldur fólk sem legði áherslu á að gera samfélagið betra fyrir okkur öll. Slíka



starfsemi bæri að styrkja og væri raunar skylda sveitarfélögunum að gera slíkt. Þetta er fyrir mér nýr tónn, sem mér hefði kannski fundist að hefði átt að koma fyrr. Þessi umskipti þeirra sýnir okkur best, að ef maður trúir á sinn málstað og veit að markið er rétt, þá skilar baráttan alltaf árangri fyrir rest. Á svona stundum gleymir maður öllum þeim árum, fundum og vonbrigðum sem maður hefur gengið í gegnum. Þá talaði Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ, og flutti árnáðaróskir og kveðjur frá sambandinu. Hann haldi GKG mjög fyrir frábært barna- og unglíngastarf ásamt því að lofa gott samstarf við GKG. Hann nefndi sérstaklega hve vel við hefðum alla tíð tekið í mótahald fyrir GSÍ, því eins og hann sagði, þá væri ekkert sjálsagt að félagar lánuðu völlinn sinn



dögum saman undir mótahald. Loks færði hann okkur bikar, sem hann vildi að við veittum þeim unglíngi sem bæri af hverju sinni í framkomu og hegðun á hverju ári. Helgi Halldórsson, arkitekt, en hann teiknaði bygginguna, sýndi teikningarnar og skýrði. Mönnum leist mjög vel á hugmyndir Helga og fékk hann mikið hrós fyrir. Þessari afmælishátið lauk kl: 18:00.

GKG 20 ára 24. mars 2014

Ég ætla ekki hér að rekja sögu GKG í smáatriðum, en vil geta þess að saga klúbbsins er í vinnslu undir forystu Gunnlaugs Sigurðssonar, en með honum í þeirri söguritun eru þeir Guðmundur Ólafsson og Hákon Sigurðsson. Þessi vinna er nú á lokametrunum.

Golfklúbbur Garðabæjar var stofnaður 17. apríl 1986 og fyrsti formaður hans var Björn Ólsen. Golfklúbbur Kópavogs var stofnaður 2. júlí 1990 og fyrsti formaður hans var Þorsteinn Steingrímsson. Þessir klúbbar voru síðan sameinaðir 24. mars 1994 undir nafni GKG þ.e. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar og fyrsti formaður hans var Finnur Jónsson og var hann í eitt ár. Þá tók við Kjartan Borg sem einnig var í eitt ár. Gunnlaugur Sigurðsson varð síðan formaður og var hann til 2005 og þá tók sá er hér stendur við formennsku.

Á þessum 20 árum hafa eftirtaldir verið framkvæmdastjórnar GKG: Hákon Sigurðsson, Jóhann Gunnar Stefánsson, Margeir Vilhjálmsson, Ólafur Einar Ólafsson og síðan núverandi framkvæmdarstjóri Agnar Már Jónsson. Fjölmargir hafa setið í stjórn GKG á þessum árum, en þó má segja að mikil festa hefur verið í þessum málum og margir setið árum saman í stjórninni sem er styrkur klúbbsins.

Árið 1986 hannaði Hannes Þorsteinsson gamla 9 holu völlinn í Vetrarmýrinni fyrir Golfklúbb Garðabæjar. Í árslok 1992 var gerður samningur við Jan Söderholm, sænskan golfvallarhönnuð, um að teikna 18 holu völl. Hann skilaði tillögum að fyrri 9 holunum vorið 1993. Þessi hluti var síðan tekin í notkun í júlí 1996 og seinni 9 holurnar 2002. Það hafði því tekið um 10 ár að byggja völlinn sem Jan Söderholm teiknaði. Andrés Guðmundsson teiknaði síðan 9 holu völlinn uppi í Leirdal og árið 2007 var hann tilbúinn og frá því ári hafa vellir GKG, þ.e. Mýrin og Leirdalsvöllur verið spilaðir í núverandi mynd. Að sjálfsögðu hafa vellirnir verið lagfærðir og endurbættir á hverju ári og við getum sagt að í dag eru þessir vellir okkar með þeim bestu á landinu. Alls voru spilaðir rúmlega 50.000 hringir á völlum síðasta sumar og skiptust þeir að jöfnu milli Mýrarinnar og Leirdalsvallar.

Vellir GKG eru á um 60 ha landsvæði og eru 46,5 ha úr landi Vífilsstaða sem eru í eigu Ríkisins og 15,15 ha í Leirdal úr landi Kópavogs. Leigusamningur um Vífilsstaðalandið var fyrst gerður 10. júní 1988 og síðar viðauki við þann samning 16. desember 1992 við Golfklúbb Garðabæjar. Hinn 20. desember 1999 var gerður nýr leigusamningur milli GKG og Ríkisspítala til 30. september 2019. Leigugjald fyrir allt svæðið skal vera 50 félagsgjöld eins og þau eru á hverjum tíma. Leigugjald fyrir árið 2013 var kr. 4.100.000.

GKG er vinnustaður fjölmargra starfsmanna. Þar eru 10 fastir starfsmenn allt árið og síðastliðið sumar voru 76 vinnandi á völlum þegar mest var. Rétt og skylt er að geta þess, að bæði Kópavogur og Garðabær hafa verið okkur afar hjálpleg með vinnukraft á sumrin. Vallarstjóri GKG frá árinu 2001 hefur verið Guðmundur Árni Gunnarsson.

Í lok fyrsta starfsárs 1994 voru félagar í GKG 241, en í lok síðasa starfsárs voru þeir 1915. Rúmlega 41% félaga eru úr Kópavogi og rúm 27% eru úr Garðabæ. Aðrir koma frá nágðanna sveitarfélögunum og flestir úr Reykjavík eða um 25%.

Hjá GKG hefur höfuðáherslan verið lögð á öflugt barna- og unglíngastarf með kröftugu afreksstarfi, enda lítum við á okkur sem íþróttafélag frekar en allt annað. Þessi stefna hefur leitt til þess að barna- og unglíngastarf GKG er það langöflugasta á landinu með um 400 börn og unglínga auk um 500 krakka sem fara í gegnum golfleikjanámskeiðin á hverju ári. Það eru því um 900 börn og unglíngar sem nýta sér þjónustu GKG á hverju ári. Sá klúbbur sem kemst næst okkur í þessum málum er með 130 börn og unglínga skráða. Þess má geta að stærsti golfklúbbur Danmerkur er með um 180 börn og unglínga. Þrátt fyrir töluverða leit höfum við enn ekki fundið einn einasta golfklúbb í Evrópu sem skákar GKG í þessum málum. Við getum verið stolt af þessum árangri en um leið gerir hann þá kröfu til okkar sem höfum um málefni GKG að segja að hlúa að þessum hópi og skapa þeim sómasamlega aðstöðu. Við erum með hörku mannskap til að sinna þessu verkefni, en GKG er með 4 útlærða PGA kennara ásamt einum PGA kennaranema. Kópavogsbær hjálpaði okkur að útbúa góða aðstöðu í Kórnum til inniæfinga, sem við erum afar þakklát fyrir og hefur raunar skipt sköpum varðandi vetraræfingar. Ellismellir voru 230 og aðrir félagar rúmlega 1300. Kynjaskipting er 70% karlar og því 30% konur.

Það er vitaskuld mikið fyrirtæki að byggja upp golfvöll og raunar að reka alvöru golfklúbb eins og GKG. Uppbygging vallanna kostaði háar fjárhæðir og í fyrstu hugmyndum um kostnaðinn gerðu menn ráð fyrir að 27 holu völlum myndi kosta á bilinu 150–200 milljónir á verðlagi ársins 1994. Það var því strax ljóst, að engin von var til þess að farið væri í slíka uppbyggingu nema sveitarfélögin, Kópavogur og Garðabær, kæmu að þessu verkefni með myndarlegum hætti. Það hefur vissulega gengið eftir og er óhætt að fullyrða að það eru ótaldir milljónirnar sem GKG hefur fengið á þessum 20 árum frá sveitarfélögunum. Fyrir allann stuðninginn vil ég fyrir hönd GKG þakka af heilum hug og segi hiklaust að án hans ætti GKG ekki eina bestu golfvelli landsins

Árið 1990 keypti Golfklúbbur Garðabæjar skála, sem notaður hafði verið undir sjoppurekstur, austur á Selfossi. Á fyrsta starfsári GKG var farið að ræða um stækkun skálan og þá að byggja við báða enda hans, einkum horfðu menn til þess að bæta salernis- aðstöðuna. Það var þó ekki fyrr en árið 1999 sem byggt var við skálann. Anddyri, salernisaðstaða og rúm fyrir ræsi og mótshald var komið fyrir í vestr enda, en veitingasalurinn var stækkaður til austurs. Það má segja, að allt frá stofnun GKG hafi stjórn klúbbsins verið með byggingaráform í huga og hafa margar nefndir verið skipaðar af því tilefni. Sú saga verður ekki rakin hér, en hún verður rakin í sögu klúbbsins.

Í dag er GKG skuldlaust með öllu og því erum við nú tilbúin í frekari uppbyggingu. Við höfum rekið klúbbinn á grænum tölum síðustu fimm árin og höfum kappkostað að kaupa tæki og gera vellina sem allra besta. Næsta fjárfesting er því að byggja yfir félags- og æfingastarfseminu. Við teljum okkur geta lagt nokkurt fé í þessa uppbyggingu, en við verðum að treysta á mikla aðkomu sveitarfélögunum, Kópavogs og Garðabæjar, til að ljúka þessu verkefni. Nú er orðið ljóst, að byrjað verður á byggingu Íþróttamiðstöðvar GKG á þessu afmælisári.

Stjórn og nefndir 2014

FORMAÐUR

Guðmundur Oddsson

VARAFORMAÐUR

Áslaug Sigurðardóttir

GJALDKERI

Kristinn Jörundsson

RITARI

Símon Kristjánsson

MEÐSTJÓRNENDUR

Gunnar Jónsson

Gunnar Páll Þórisson

Bergþóra Sigmundsdóttir

VARAMENN

Ragnheiður Stephensen

Jón K. Baldursson

Einar Gunnar Guðmundsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Agnar Már Jónsson

SKRIFSTOFA

Guðrún Helgadóttir

VALLARSTJÓRI

Guðmundur Árni Gunnarsson

AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI

Kristinn Bjarni Heimisson

ÍPRÓTTASTJÓRI/PGA GOLFKENNARI

Úlfar Jónsson

AFREKSÞJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI

Derrick Moore

UNGLINGALEIÐBEINANDI

Haukur Már Ólafsson

AGA- OG DÓMARANEFND

Kjartan Bjarnason

FJÁRÖFLUNARNEFND

Einar Gunnar Guðmundsson

FORGJAFARNEFND

Kjartan Bjarnason

KVENNANEFND

Bergþóra Sigmundsdóttir

Sesselja Magnea Matthíasdóttir

Bryndís Hinriksdóttir

Sóley Stefánsdóttir

Hildur Pálmadóttir

Linda B. Pétursdóttir

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir

KYNNINGARNEFND

Sigurður Hlöðversson

MÓTANEFND

Bergsveinn Þórarinnsson (landsdómari)

Björn Steinar Stefánsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Einar Vignir Hansson

Guðjón Kolbeinsson

Gunnar Árnason

Hafþór Jónsson

Haukur Hermannsson

Heimir Jón Guðjónsson (héraðsdómari)

Hjalti Rúnar Sigurðsson (héraðsdómari)

Hlöðver Sigurgeir Guðnason

Jón K. Baldursson (héraðdómari)

Jónína Pálsdóttir

Kjartan Bjarnason (alþjóðadómari)

Kolbrún Stefánsdóttir

Kristján Björgvinsson

Ólafur Arnar Kristjánsson

Ólöf Ásgeirsdóttir

Pétur Örn Guðmundsson

Rósa Margrét Sigursteinsdóttir (héraðsdómari)

Sigurjón Sigurjónsson

Sverrir Helgi Jónsson

Sæmundur Melstað (alþjóðadómari)

Þógrímur Björnsson (landsdómari)

NYLIÐANEFND

Úlfar Jónsson

Derrick Moore

ÍPRÓTTANEFND

Gunnar Jónsson

VALLARNEFND

Símon Kristjánsson

Andrés Gumundsson

Gumundur Árni Gunnarsson

Jóhanna Ríkey Sigurardóttir

Derrick Moore

Edvald Geirsson

TRJÁRÆKTARNEFND

Gunnlaugur Sigurðsson

Eðvald Geirsson

Gísli Guðbjartsson

Guðmundur Ólafsson

Ingólfur Hansen

Ólafur Nilsson

LAGANEFND

Gunnar Jónsson

KJÖRNEFND

Steinar J. Lúðvíksson

SKEMMTINEFND

Sigurður Hlöðversson

Lórenz Þorgeirsson

BYGGINGARNEFND




Finnur Sveinbjörnsson

Grétar Leifsson

Einar Gunnar Guðmundsson

Ragnheiður Stephensen

Agnar Már Jónsson



TORO Count on it.





Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2014

Markmið barna- og unglíngastarfs GKG: að halda utan um og efla barna- og unglíngastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita ungu kyflingum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atleti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir fongum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kyflinganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kyflinganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atleti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglíngamótum GSÍ og unglíngamótaröð GKG.

Þjálfarar og leiðbeinendur: Á vetraræfingum störfuðu aðalþjálfarar okkar, þeir Derrick Moore og Hlynur Þór Haraldsson, og íþróttastjóri, allir PGA menntaðir. Þeim til aðstoðar var Haukur Már Ólafsson PGA golfkennaranemi. Hlynur Þór sagði upp störfun á vormánuðum, og var Haukur Már



ráðinn í hans stað. Á sumaræfingum voru aðstoðarleiðbeinendur Ari Magnússon, Bjarki Freyr Júlíusson og Daníel Hilmarsson. Á vikulegum golfleikjanámskeiðum GKG, sem opin eru öllum börnum 5-12 ára, störfuðu alls 17 afrekskyflingar úr röðum félagsins, en Yngvi Sigurjónsson var verkstjóri á námskeiðunum. Fjöldi þjálfara og leiðbeinenda var alls 26.

Barna- og unglíngastarf: GKG statar af langfjölmennasta barna- og unglíngastarfi golfklúbba landsins. Því yrði ekki haldið úti án þess að hafa breiðan hóp samvissusamra og góðra leiðbeinenda. Hæfir þjálfarar og leiðbeinendur, öflugt foreldrarstarf, stuðningur stjórnar og félagsmanna, allt skiptir þetta miklu máli til að halda úti sterku barna- og unglíngastarfi. Fyrir það ber að þakka sérstaklega.

Áhyggjuefni er að félögum GKG 15 ára og yngri fækkaði úr 338 í 270 milli ára. Fjöldi skráðra iðkenda á sumaræfinga stóð þó nánast í stað. Golfleikjanámskeiðin voru vel sótt, en alls tóku 450 krakkar 12 ára og yngri þátt í þeim. Ávallt gengur vel að fá nýja iðkendur á námskeið eða félagsæfingar, en erfiðara er að halda þeim í klúbbum, brottfallið er mikið. Svo virðist sem þröskuldurinn frá æfingunum og á næsta stig, þ.e. að spila á völlum okkar og ná viðunandi framförum sé býsna hárfyrir marga. Þetta á sérstaklega við þau sem eiga ekki kyflinga sem aðstandendur og geta þannig aukið ástundun krakkanna og aðstoðað við fyrstu skrefin á golfvöllum.



Við höfum ágætis vettvang fyrir kyflinga á öllu getustigi og öllum aldri. Við höfum litla 5 holu völlum við Vífilstaðavegin, þar sem brautirnar eru 40-60 metrar og holurnar stærri. Þetta er ákjósanlegur völlum fyrir byrjendur, sérstaklega þau yngstu. Að auki er völluminn opin fyrir alla, þ.e. ekki gerð krafa um félagsaðild. Þessum velli þurfum við að hlúa betur að og þróa áfram.

Í Mýrinni voru fremri teigar (gulleigar) útbúnir sem henta mjög vel fyrir byrjendur á öllum aldri. Vallarmat er til fyrir þá teiga þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að leika þar til forgjafar. Mýrin er gríðarlega mikilvægur völlum fyrir okkur, hvort sem er fyrir byrjendur eða aðra sem hafa ekki tíma til að leika 18 holar á Leirdalsvelli. Því skiptir miklu máli að lagður sé meiri metnaður og horft til framtíðar þegar unnið er áfram með þann völlum. Rétt væri að útbúa gulleiga líka á Leirdalsvelli, enda þykir hann mjög langur af rauðu teigunum. Fremri teigar myndu stytta leiktímann og auka ánægju margra iðkenda.

Í sumar fóru fram spilæfingar í Mýrinni á föstudögum, að fyrirmynd PGA Jr league í Bandaríkjunum. Ávallt var leikið með Texas Scramble fyrirkomulagi, tveir og tveir saman, með það að markmiði að auðvelda krökkunum að stíga sín fyrstu skref á golfvöllum og njóta leiksins í afslöppuðu leikfyrirkomulagi. Óhætt er að segja að þetta hafi gefið góða raun. Fjöldi þátttakenda var á bilinu 20-40 hverju sinni.

Það er áhyggjuefni fyrir golfhreyfinguna að iðkendum 15



ára og yngri fækkar núna annað árið í röð. Öflugt barna- og unglíngastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. GKG einsetur sér að vera í forystu í barna- og unglíngastarfi og leita leiða til þess að laða að og halda börnum og unglíngum í golfíþróttinni.

Við hvetjum félagsmenn til þess að bjóða börnum, sérstaklega dætrum, barnabörnum og frænkum með á völlum næsta sumar eða í Kórinn í vetur og kynna íþróttina fyrir þeim.

Keppnir barna- og unglíngna: Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast þessa íþrótt á sínum forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaröðir, Mixmótaröðina í Mýrinni og Egils Kristals unglíngamótaröðina fyrir vanari unglíngana á Leirdalsvelli. Mixmótaröðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu reglum, halda skor osfrv.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Unglíngamótaröðinni nokkrum sinnum þá beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaröðina, sem eru 36-54





holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægstu börnum og unglíngum.

Afreksstarf: Árangur okkar fremstu kylfinga var býsna góður á tímabilinu. Upp úr stendur Íslandsmeistaratið Birgis Leifs Hafþórssonar og það afrek að komast alla leið á lokastig úrtökumótanna fyrir evrópsku mótariðina.

Ragnar Már Garðarsson byrjaði tímabilið hér heima af krafti og sigraði á fyrstu tveimur mótunum í Eimskípmótariðinni og lék með karlalandsliðinu á EM í Finnlandi. Þrír kylfingar, þeir Aron Snær Júlíusson, Egill Ragnar Gunnarsson og Kristófer Orri Þórðarson léku með piltalandsliðinu á EM í Noregi í sumar. Tómas Jónsson og María Guðnadóttir léku með landsliðum eldri kylfinga í sumar.

Einn Íslandsmeistaratið náðist í Sveitakeppni GSÍ, en piltaliðið okkar vann 16-18 ára flokkinn í sumar. A sveit karla tapaði annað árið í röð í úrslitum í Sveitakeppni 1. deild karla og hafnaði því í 2. sæti.

Hér má sjá verðlaunayfirlit úr Eimskíps- og Íslandsbankamótariðunum, sem og sveitakeppnum:

Eimskípmótariðin

Klúbbur	Gull	Silfur	Brons	Heild
GK	4	6	2,6	12,6
GR	4	3,5	4,7	12,2
GKG	4	1	1	6
GKJ	3	1	1	5
GL	1		1	2
GS		2	2,2	4,2
GB		1,5	2,5	4
NK		1		1
GHD			1	1

Klúbbmeistarar GKG árið 2014 í Meistaraflokkum voru þau Emil Þór Ragnarsson og Ingunn Einarsdóttir. Var þetta fyrsti sigur beggja í Meistaramóti GKG.

Æfingaferð til útlanda hefur verið fastur liður í starfinu undanfarin ár, en stór hópur iðkenda og aðstandenda fór í vel heppnaða ferð til Hacienda del Alamo á Spáni. Þessar ferðir hafa ávallt verið vel heppnaðar og eru krökkunum mikil hvatning á vetraræfingunum. Krakkarnir safna sjálf fyrir ferðakostnaði en þjálfarar GKG sjá um æfingaskipulag þá sjö daga sem ferðin stendur yfir.

Nánari upplýsingar um árangur GKG á árinu er að finna í viðauka neðst í þessari skýrslu undir fyrirsögninni Yfirlit árangurs GKG kylfinga í mótariðum GSÍ 2014.

Íslandsbankamótariðin

Klúbbur	Gull	Silfur	Brons	Fjöldi verðlauna
GR	9	12	7	28
GKG	7	6	7,5	20,5
GS	6	5	4	15
GK	5	4,5	3,5	13
GHD	4,5	6	3,25	13,75
NK	3		1	4
GA	2,5	4	4,5	11
GHG	2		1	3
GKJ	1	2	5	8
GOS		0,5	2,5	3
GH			0,25	0,25
GÓ			0,25	0,25
GSS			0,25	0,25
	40	40	40	120

* brot úr verðlaunum þýðir að klúbbur var hluti af sameiginlegri sveit.



Æfingaaðstaða: Helstu æfingasvæði okkar eru grassvæðin meðfram Vífilsstaðavegi og handan Vetrarbrautar. Litli völlurinn meðfram Vífilsstaðavegi nýtist mjög vel fyrir golfleikjánaðskeyðin og auðveldar yngstu kylfingunum að stíga fyrstu skrefin á golfvelli. Breytingin á skipulagi 8. brautarinnar í Mýrinni hefur reynst okkur mjög vel og nýtist sérlega vel til að æfa stutt vipp og pútt. Þetta létti jafnframt álaginu á æfingafloðinni við skálann. Það verður að taka skýrt fram að það skiptir mjög miklu máli að ganga vel um æfingasvæðin, og að fólk fari eftir reglum um umgengi. Grassvæðin, ekki síst æfingafloðirnar, eru mjög viðkvæm og þau eru ekki hugsuð fyrir há innáhögg sem skilja eftir boltaför.

Í skipulagi nýrrar íþróttamiðstöðvar GKG er gert ráð fyrir inniæfingaaðstöðu í kjallara hússins, sem senn fer í byggingu. Tilkoma íþróttamiðstöðvarinnar mun gjörbylta öllu uppbyggingar- og afreksstarfi GKG, en mun einnig hefja til nýrra hæða allt félagsstarf klúbbsins og nýtast hinum almenna félagsmanni gríðarlega vel til æfinga á veturna.

Kórinn hefur nýst okkur afar vel fyrir vetraræfingarnar og mun gera áfram samhlíða nýrri íþróttamiðstöð, enda veitir ekki af plássinu í okkar fjölmenna félagi. Aðstaðan nýtist vel hinum almenna kylfingi í GKG og viljum við hvetja félagsmenn til að æfa vel í vetur og koma þannig vel undirbúnir til leiks næsta vor. Á heimasíðu GKG eru upplýsingar um hvenær opið er.



Nýliðar: Nýliðanámskeyð voru haldin í vor fyrir nýja féлага sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeyð annars staðar. Markmið nýliðanámskeyðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennsla hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 40 nýliðar í gegnum fræðslunámskeyðið sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Kynning á starfsemi og starfsfólki félagsins. Verklegr þjálfun í stutta spili og sveiflu. Spilkennsla þar sem nemendur fylgjast með kennurum leika 3 brautir í Mýrinni. Farið er yfir helstu golf- og síðareglur meðan á spilkennslu stendur. Nemendur fengu einnig fræðslu um hvernig á að fylla út og nota skorkortið, fá forgjöf, skrá sig á rástíma á golf.is, ofl. Að auki var bóklegt nám í golfreglum. Alls var nýliðafræðslan 6 klst og fengu þátttakendur möppu með ýmsum handhægum upplýsingum og kennslufni. Kennarar á námskeyðinu voru Úlfar, Derrick, Haukur og Birgir Leifur, auk Kjartans Bjarnasonar, alþjóðadómara, en hann sá um bóklega tímamann í golfreglum.

Að lokum: Vetraræfingar hófust í nóvember með barna-, unglínga- og afrekshópum sem stunda æfingar í Kórnum. Veturinn er mikilvægur fyrir iðkendur, en á þeim tíma gefst mesta tækifærið til að bæta golfþekkingu og líkamlega formið. Við hvetjum GKG féлага til að vera duglegir við að æfa golfsvæfluna og stutta spilið í vetur og nýta til þess aðstöðuna sem er í boði í Kórnum. Þetta afmælisár sem er að líða er sérlega eftirminnilegt, en haldið var Íslandsmót í höggleik sem tókst með glæsibrag. Frábært var að sjá hversu samhentir félagsmenn voru og ósérhlífir við að takast á við þetta stóra verkefni. Það sýndi og sannaði að án öflugra sjálfboðaliða er nánast ómögulegt að reka það starf sem leysa þau verkefni sem við tókumst á við á hverju ári. Þá sýndi það líka að ungmennafélagsandinn er enn ríkur í GKG.

Við þökkum starfsmönnum, nefndarmönnum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKG!
f.h. Íþróttasviðs, Gunnar Jónsson,
Úlfar Jónsson, Íþróttastjóri Formaður Íþróttanefndar



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistarar í golfi árið 2014.

Á formannafundi GSÍ í Vestmannaeyjum árið 2006 varð það ljóst að GKG myndi halda Íslandsmótið í golfi árið 2014 á 20. afmælisári klúbbsins. Strax komu upp efasemdarraddir um að yfirbygging klúbbsins væri ekki nægjanleg, skálinn væri of lítill og klúbburinn gæti því ekki hýst mót af þessari stærðargráðu. Formaður GKG blés hinsvegar snögglega á þær raddir og benti mönnum á að mótið færi fram á golfvelli, en ekki í skálanum. Í framhaldi af þessari ákvörðun um að halda mótið hjá klúbbnum var sett af stað vinna innan vallarnefndar til þess að gera völinn hæfan fyrir Íslandsmótið í golfi. Bæta þurfti við meistaraflokks-teigum auk þess að fara í ýmsar framkvæmdir til að tryggja góðan völl í keppnishæfu ástandi fyrir bestu kylfinga landsins. Markmiðið var að klára síðustu framkvæmdirnar sem fælu í sér eitthvað jarðrask sumarið 2013 til þess að völlurinn myndi skarta sínu fegursta árið 2014, þegar að Íslandsmótið færi fram.

Undirritaður hefur fylgt þessum klúbbi lengi, bæði sem starfsmaður, afrekskylfingur og sem almennur félagsmaður. Því var það áhugavert að fylgjast með þróuninni á vellinum og umgjörð svæðisins eftir því sem að mótið nálgadist. Verkefnalistinn



mínkaði með hverju árinu (þó svo að sá listi muni aldrei tæmast) og orðspor vallarins batnaði því samhlíða. Árið 2012 héldum við svo Íslandsmótið í holukeppni og var það skemmtilegur prófsteinn á uppsetningu vallarins og umgjörð fyrir stórt mót, þó svo að það væri aldrei í líkingu við það að halda Íslandsmótið í golfi.

Áfram leið tíminn og árið 2013 var Íslandsmótið haldið á Korpúlfsstaðavelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Starfsmenn GKG gerður sér nokkrar ferðir til þess að skoða undirbúning og utanumhald Íslandsmótsins hjá GR og lærðum við mikið af þeirra glæsilega móti. Glæsilegt Íslandsmót á að vera kappkostur allra golfáhugamanna á Íslandi og því mikilvægt að golfklúbbarnir séu tilbúnir að starfa saman við að gera framkvæmd mótsins eins glæsilega og hægt er.

Segja má að undirbúningur við framkvæmd mótsins hafi hafist við lok Íslandsmótsins 2013. Þá var sett á laggirnar mótsnefnd sem lagði línurnar fyrir undirbúning og framkvæmd mótsins sem yrði haldið ári seinna hjá okkur í GKG.



Fjölmargin áhorfendur fylgdust með mótinu.

Allt í einu var árið 2014 runnið upp, árið sem hafði alltaf verið í umræðunni en var líka á sama tíma fjarlægt, skyndilega var komið að okkur að undirbúa þetta stóra og glæsilega mót. Línurnar höfðu verið lagðar af mótsnefndinni. Markmiðið var að búa til glæsilega umgjörð, sérstaklega fyrir keppendur, en líka búa til upplifun fyrir þá áhorfendur sem höfðu áhuga á að mæta á svæðið til að horfa á mótið.

Undirritaður fékk það hlutverk þegar að leið á vorið 2014 að taka ábyrgð á framkvæmd mótsins. Það þótti mér mjög vænt um enda stórt verkefni, kjörið til að sýna hversu öflugum klúbbi við státum af. Vinnan fór strax af stað við að undirbúa umgjörðina. Verkefnalistinn stækkaði ört og fljótlega sá maður sumarið týnast í undirbúningsvinnu fyrir mótið. Það var að mörgu að hyggja, ótal fundir með mótsnefnd Gólf sambands Íslands, undirbúningsvinnu fyrir sjónvarpsútsendingar, undirbúningur á kynningarefni fyrir mótið, uppsetning stúku og skjás, undirbúa bílastæði, uppsetning á gámum fyrir móttöku skorkorta og svo mætti lengi telja áfram. Að lokum rann Íslandsmótsvikan í hús, allt gekk eins og í sögu.

Eftir rigningarsumarið mikla hafði loksins stýtt upp í nokkra daga samfleytt þannig að völlurinn var í frábæru standi. Keppendur höfðu á orði að vallarstjórinn hafði unnið þrekvirkni með að hafa völinn í því ástandi sem hann var í alla keppnisdagana. Framkvæmd mótsins gekk eins og í sögu og voru allir keppendur mjög ánægðir með völinn, æfingaaðstöðuna sem var á heimsmælikvarða og þá þjónustu sem kylfingum var boðið upp á meðan að mótinu stóð. Alla mótsdagana sáust glæsileg tillif og að lokum stóðu þau Birgir Leifur Hafþórsson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir uppi sem Íslandsmeistarar í golfi árið 2014, innilega til hamingju með það.

Við hjá GKG erum í skýjunum með því hvernig tókst til að halda mótið. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem lögðu

hönd á plóg bæði samstarfsfólki og þá sérstaklega þeim sjálfbodaliðum sem með elju sinni og dugnaði hjálpuðu okkur að láta þetta verkefni ganga eins vel og það gerði. Við getum verið stolt af okkar klúbbi, samheldnin í félagsstarfinu er öfundsverð hjá nágrennklúbbum okkar og vonandi haldið þið áfram því öfluga starfi sem gerir GKG að þeim golfklúbbi sem hann er. Takk fyrir frábært ár.

Valgeir Tómasson
Framkvæmdastjóri Íslandsmótsins í golfi 2014



Jólagjöf

golfarans fæst í Hraunkoti

NÝJUNG

Búið er að opna jólagölvörverslun í Hraunkoti

Gölvörur á frábærum verðum frá FootJoy, ECCO, Ping, Titleist, ásamt öllu því helsta fyrir golfið.

SILFUR
GJAFABRÉF
582 æfingaboltar ásamt 4x50 mínútna golfkennslu hjá golfkennara Hraunkots

GULL GJAFABRÉF
582 æfingaboltar ásamt 5x25 mínútna golfkennslu hjá golfkennara Hraunkots

DEMANTS
GJAFABRÉF
3309 æfingaboltar ásamt 2x25 mínútna golfkennslu hjá golfkennara Hraunkots

PLATINU
GJAFABRÉF
1271 æfingabolti ásamt 3x25 mínútna golfkennslu hjá golfkennara Hraunkots

Silfurgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem eru að læra undirstöðuatriði golfleiksins. Gjafabréfið inniheldur fjóra golf tíma í 50 mín. hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Silfurgjafabréf kostar 26.000 kr.

Gullgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem komnir eru af stað í golfi og vilja halda áfram á réttri braut. Gjafabréfið inniheldur fimm 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn gullkorts.

Gullgjafabréf kostar 21.000 kr.


Demantsgjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir golfara sem vilja æfa sig og fá smá kennslu hjá golfkennara. Gjafabréfið inniheldur tvo 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn demantskorts.

Demantsgjafabréf kostar 24.000 kr.

Platínugjafabréf, kennsla og boltar í Hraunkoti. Tilvalið fyrir þá sem vilja láta fínþússa sveifluna eða stutta spilið. Gjafabréfið inniheldur þrjú 25 mín. golf tíma hjá golfkennara Hraunkots og boltamagn platínukorts.

Platínugjafabréf kostar 18.000 kr.

Golfkennarar Hraunkots



Jóhann Hjalatason, Sigurpáll Sveinsson, Björn Kristinn Björnsson, Ingi Rúnar Gíslason, Ólafur Jóhannesson, Björgvín Sigurbergsson

Hraunkoti
Golfæfingasvæði

Vinsælu gjafabréfin fást í Hraunkoti og á gjafatorg.is

Nánari upplýsingar í Hraunkoti í síma 565-3361 Golfkennarar Hraunkots eru IPGA meðlimir



Skýrsla kvennanefndar GKG fyrir árið 2014

Kvennanefnd GKG 2014 skipuðu Bergþóra Sigmundsdóttir, Sesselja Magna Matthíasdóttir, Bryndís Hinriksdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Hildur Pálmadóttir, Linda Pétursdóttir, Rósa Margrét Sigursteinsdóttir og Þuríður Valdimarsdóttir.

GKGkonur voru með fasta tíma í Kórnum frá febrúar til apríl-mánaðar á þriðjudagskvöldum. Haldið var þúttmót og var krýndur þúttmeistari á Rauðvínskvöldinu. Rauðvínskvöldið var haldið föstudaginn 9. maí 2014. Um 50 konur mættu og skemmtu sér fram eftir kvöldi, m.a. komu fram Ingó veðurguð og Einar Örn Jónsson GKG félagi og héldu þeir uppi miklu fjöri.

Í sumar voru fastir golf tímar á þriðjudögum í Mýrinni. Ræsar GKG sáu um að ræsa út og þökkum við í nefndinni starfsfólki GKG fyrir veitta aðstoð við ræsingu, innritun og eftirlit með þriðjudagstímum í sumar.

Fyrsta mótið var svo 27. maí og mættu 56 konur til leiks og léku 9 holar í Mýrinni. Fyrsta vinkvennamót GKG- og NKkvenna var 3. júní og léku 85 konur 9 holar í Mýrinni. Seinni daginn 29. júlí voru leiknar 9 holar á Nesvellinum og mætti 51 ein kona til leiks. Úrslit urðu þau að GKGkonur unnu mótið. GKGkonur gáfu skjöld sem verður farandskjöldur næstu árin. Vinkvennamót GKG- og GOKvenna var í júní og mætti 141 kona til leiks 10. júní. Þann 19. júní léku 90 konur. Nokkur forföll voru þann daginn vegna veðurs. GKGkonur unnu mótið fjórða árið í röð.

Í samstarfi við Félag kvenna í atvinnurekstri, FKA, var haldið sumarafmælimót GKG og FKA 27. júní 2014. Var hér um að ræða fyrsta kvennaboðsmótið og gekk það mjög vel.

Innanfélagsmót var haldið 15. júlí og mættu 37 konur og léku 18 holu punktamót á Leirdalnum.



Þriðjudaginn 12. ágúst var farið í óvissuferð. Var farið til Golfklúbbs Hellu. Leikið var á Strandarvelli en 58 GKGkonur mættu í ferðina og nutu frábærra veitinga hjá GHR í lok dags.

Hatta- og kjólamótið var svo 26. ágúst og voru leiknar níu holar í Mýrinni. 32 GKGkonur mættu og nutu félagsskaparins. Leikið var með eina kylfu og púttar. Mikil og hörð keppni var um flottasta hattinn og best klæddu konuna. Verðlaunin voru sérhönnuð fyrir okkur.

Lokamót GKGkvenna var svo sunnudaginn 7. september 2014. Leiknar voru 18 holar og leikfyrirkomulagið var punktkeppni. 37 konur mættu til leiks. Í mótslok borðuðu tæplega 50 GKGkonur saman góðan kvöldmat og nutu skemmtunar og tónlistar Davíðs Ólafssonar og Stefáns Stefánssonar. Þá voru veitt að venju verðlaun fyrir flesta punkta (reiknað út frá fimm 9 holu hringjum) í mótum á vegum kvennanefndarinnar sumarið 2014. Lokahófið er opið öllum konum í GKG hvort sem þær taka þátt í lokamótinu eða ekki.

Veðrið virðist hafa haft nokkur áhrif á þátttöku GKGkvenna í félagsstarfinu í sumar en þrátt fyrir leiðindaveður í sumar var þátttakan nokkuð góð. Við hjóðum nýliða sérstaklega velkomna í starfið næsta tímabil.

Nokkur fyrirtæki hafa stutt við bakið á kvennanefndinni þetta sumar og þökkum við þeim öllum fyrir frábæran stuðning. Þá hefur klúbburinn og starfsfólk GKG verið okkur innan handar og þökkum við þeim kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum vill undirrituð þakka samnefndarkonum fyrir gott sumar og velunnin störf.

Bergþóra Sigmundsdóttir



Yfirlit árangurs GKG kylfinga í mótariðum GSÍ 2014

Meistaraflokkar

Klúbbmeistari kvenna 2014:

Ingunn Einarsdóttir

Klúbbmeistari karla 2014:

Emil Þór Ragnarsson

Eimskipsmótaröðin - verðlaunasæti

1. sæti Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmótið í höggleik í GKG

1. sæti Birgir Leifur Hafþórsson, Síamótið í GB

1. sæti Ragnar Már Garðarsson, Nettómótið í GS

1. sæti Ragnar Már Garðarsson, Egils Gull mótið í GHR

3. sæti Aron Snær Júlíusson, Síamótið í GB

Alls féllu 4 titlar af 7 til GKG í Eimskipsmótaröð karla.

Ari Magnússon: jan-maí; sept-des - Keppnir með háskólaíðni Univ. of Arkansas-Monticello

Unglingar U18 Íslandsbankamótaröð GSÍ

Flokkur 17-18 ára pílta

Aron Snær Júlíusson

1. sæti Stigamót 2 í GKJ

1. sæti Stigamót 5 í GA

1. sæti Stigamót 6 í GR-K

2. sæti Stigamót 1 í GL

2. sæti Íslandsmót í holukeppni í GO

Egill Ragnar Gunnarsson

2. sæti Stigamót 2 í GKJ

2. sæti Stigamót 5 í GA

2. sæti Stigamót 6 í GR-K

Kristófer Orri Þórðarson

1. sæti Stigamót 1 í GL

2. sæti Stigamót 2 í GKJ

3. sæti Íslandsmót í höggleik í GHR

3. sæti Stigamót 5 í GA

Flokkur 14 ára og yngri drengja

Sigurður Arnar Garðarsson

1. sæti Íslandsmót í holukeppni í GO

2. sæti Stigamót 2 í GKJ

Ingi Rúnar Birgisson

1. sæti Íslandsmót í höggleik í GHR

Flokkur 14 ára og yngri telpna

Herdís Lilja Þórðardóttir

2. sæti Stigamót 1 í GL

Alma Rún Ragnarsdóttir

3. sæti Íslandsmót í höggleik í GHR

3. sæti Stigamót 5 í GA

Sveitakeppni unglunga (Íslandsmót félagsliða)

1. sæti Sveitakeppni GSÍ 16-18 ára pílta í GÐ (Íslandsmeistararitill)

Aron Snær Júlíusson

Ásbjörn Freyr Jónsson

Egill Ragnar Gunnarsson

Kristófer Orri Þórðarson

Hlynur Bergsson

Sveitakeppni GSÍ 1. deild (Íslandsmót félagsliða)

2. sæti: Alfred Kristinsson, Ari Magnússon, Aron Snær Júlíusson, Birgir Leifur Hafþórsson, Egill Ragnar Gunnarsson, Emil Þór Ragnarsson, Kristófer Orri Þórðarson, Sigmundur Einar Másson. Liðsstjóri: Gunnar Páll Þórisson.

4. sæti: Elisabet Ágústsdóttir, Gunnhildur Kristjánsdóttir, Ingunn Einarsdóttir, Hansína Þorkeldsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, María Guðnadóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Særós Eva Óskarsdóttir. Liðsstjóri: Haukur Már Ólafsson

Landsliðssæti

Ragnar Már Garðarsson – Karlalandslið sem keppti á EM landsliða í Finnlandi í júlí

Aðrar keppnir erlendis:

Ragnar Már Garðarsson: sept 2013 – maí – Keppir með háskólaíðni McNeese University

júní: English Amateur Stroke Play (The Brabazon Trophy)

ágúst: EM einstaklinga í Skotlandi

ágúst: Brabants Open í Hollandi

Emil Þór Ragnarsson: sept – des – Keppnir með háskólaíðni Nicholls State University



Eftir að hafa verið hluti af fjölskyldunni í áraraðir vitum við að allt getur gerst

ÞESS VEGNA ER **F PLÚS** VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN Á ÍSLANDI

Best er auðvitað að fyrirbyggja slysin. En eins og við vitum eru nánast engin takmörk fyrir því óvænta sem getur komið upp á. F plús veitir viðtæka tryggingavernd sem sniðin er að

breytilegum þörfum fjölskyldunnar á hverjum tíma. Njóttum lífsins áhyggjulaus með F plús fjölskyldutryggingu.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | ARMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS



Jólaaleikur Golfbúðarinnar

Jólagjöfin
endurgreidd.

Ef þú setur niður
8 metra pútt.

Með jólapúttar golfbúðarinnar.

Ein filraun á mann.



2. sæti Sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri drengja

Dagur Þórhallsson
Flosi Valgeir Jakobsson
Hilmar Snær Örvarsson
Jón Gunnarsson
Róbert Þrastarson
Þorsteinn Breki Eiiðsson

Landsliðssæti

Aron Snær Júlíusson: júlí – Piltalandslið U18 sem keppti á EM landsliða í Noregi

Egill Ragnar Gunnarsson: júlí – Piltalandslið U18 sem keppti á EM landsliða í Noregi

Kristófer Orri Þórðarson: júlí – Piltalandslið U18 sem keppti á EM landsliða í Noregi

Aðrar keppnir erlendis:

Aron Snær Júlíusson: september – Skandia Youth Open í Svíþjóð

Bragi Aðalsteinsson: júní – Finnish International Junior Championship í Finnlandi maí - USKIDS Junior Series í Skotlandi

Egill Ragnar Gunnarsson: september – Skandia Youth Open í Svíþjóð

Gunnhildur Kristjánsdóttir: apríl – Irish Girls Open á Írlandi

Hlynur Bergsson: júní – Finnish International Junior Championship í Finnlandi

Ingi Rúnar Birgisson: júní – Finnish International Junior Championship í Finnlandi

Jóel Gauti Bjarkason: maí – USKIDS Junior Series í Skotlandi

Kristófer Orri Þórðarson: september – Skandia Youth Open í Svíþjóð

Magnús Friðrik Helgason: júní – Finnish International Junior Championship í Finnlandi

Sigurður Arnar Garðarsson: júní – Finnish International Junior Championship í Finnlandi

maí – USKIDS Junior Series í Skotlandi

maí – USKIDS Junior Series í Bandaríkjunum

Lokastaða stigalista

Íslandsbankamótaraðar

1. sæti Aron Snær Júlíusson 17-18 ára piltar

2. sæti Kristófer Orri Þórðarson 17-18 ára piltar

3. sæti Sigurður Arnar Garðarsson 14 ára og yngri drengir

Íslandsmeistararitilur GKG

Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistari í höggleik 2014

Sigurður Arnar Garðarsson, Íslandsmeistari í holukeppni 14 ára og yngri 2014

Ingi Rúnar Birgisson, Íslandsmeistari í höggleik 14 ára og yngri 2014

Piltasveit GKG 16-18 ára, Íslandsmeistari í Sveitakeppni GSÍ 2014

Aron Snær Júlíusson, Ásbjörn Freyr Jónsson, Egill Ragnar Gunnarsson, Kristófer Orri Þórðarson, Hlynur Bergsson.

Áskorendamótaröð unglinga

Flokkur 14 ára og yngri drengja

1. sæti Logi Tómasson – Mót 1

3. sæti Viktor Snær Ívarsson – Mót 2

3. sæti Viktor Markússon Klínger – Mót 3

Flokkur 15-16 ára drengja

1. sæti Emil Árnason – Mót 4

2. sæti Emil Árnason – Mót 1

2. sæti Emil Árnason – Mót 2

2. sæti Emil Árnason – Mót 3

Flokkur 15-16 ára stúlkna

1. sæti Freydis Eiríksdóttir – Mót 1

Eldri kylfingar

1. sæti Kjartan Guðjónsson

– LEK mót karlar 69+ GKJ

1. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GKG

2. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GKJ

2. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GV

2. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GB

3. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GL

3. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GG

3. sæti María Málfríður Guðnadóttir

– LEK mót Konur 50+ GHR

3. sæti Hansína Þorkelsdóttir

Íslandsmót 35 ára og eldri 1. fl. kvenna GV

3. sæti Héðinn Ingi Þorkelsson

Íslandsmót 35 ára og eldri 3. fl. karla GV

Sveitakeppni eldri kylfinga

6. sæti Sveit GKG kvenna: Áslaug

Sigurðardóttir, Bergljót Kristinsdóttir,

Elísabet Böðvarsdóttir, Hanna Bára

Guðjónsdóttir, Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir,

Jónína Pálsdóttir, María Málfríður

Guðnadóttir og Sigríður Olgeirsdóttir.

7. sæti Sveit GKG karla: Andrés I.

Guðmundsson, Guðlaugur Kristjánsson,

Gunnar Árnason, Halldór Svanbergsson,

Hilmar Guðjónsson, Hlöðver Sigurgeir

Guðnason, Sigurjón Gunnarsson, Tómas

Jónsson.

Landsliðspáttaka í mótum á vegum GSÍ/LEK

María Málfríður Guðnadóttir, EM kvenna, Senior Ladies (EGA) Austurríki

Tómas Jónsson, landslið 55 ára og eldri með forgjöf, EM karla (ESGA) í Portúgal



ÚRSLIT Í MEISTARAMÓTI GKG 2014

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Emil Þór Ragnarsson	72	75	69	71	287
Sigmundur Einar Másson	75	75	73	74	297
Alfreð Brynjar Kristinsson	78	72	74	74	298
1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jóhann Már Sigurbjörnsson	81	76	76	76	309
Ingi Heimisson	78	76	77	82	313
Jóel Gauti Bjarkason	85	76	77	80	318
2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jón Arnar Sigurðsson	85	87	85	85	342
Salmann Héðinn Árnason	87	85	82	89	343
Úlfar Andri Jónasson	88	88	86	86	348
3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ólafur Víðir Ólafsson	92	94	88	85	359
Magnús Arnar Kjartansson	91	100	81	97	369
Þorlákur Ingi Hilmarsson	90	92	89	98	369
4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hólmur Ástvaldsson	92	98	99		289
Jóhann Dalberg Sverrisson	93	102	97		292
Jónas Þór Gunnarsson	94	102	102		298
5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Jörundur Þórðarson	99	101	93		293
Eggert Ólafsson	93	109	95		297
Pálmi Tómasson	102	104	103		309
Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingunn Einarisdóttir	83	83	81	82	329
Gunnhildur Kristjánsdóttir	87	81	81	84	333
Særós Eva Óskarsdóttir	86	90	87	78	341
1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hólmfríður Einarisdóttir	90	93	96	90	369
Helena Kristín Brynjólfsson	99	86	100	96	381
Bergljót Kristinsdóttir	93	96	98	96	383
2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ragnheiður Stephensen	99	99	98	98	394
Elísabet Böðvardsdóttir	94	101	99	101	395
Áslaug Sigurðardóttir	108	104	96	92	400
3. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Freyja Sveinsdóttir	102	112	104		318
Sigurveig Björgólfsson	109	106	113		328
Jóhanna Halldórsdóttir	105	108	115		328
4. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hrafnhildur Scheving	110	118	117		345
Kristín Davíðsdóttir	117	118	114		349
Sigríður Poulsen	116	112	121		349
Drengir 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Bragi Aðalsteinsson	69	71	75		215
Jóel Gauti Bjarkason	73	79	77		229
Hlynur Bergsson	78	74	77		229
Strákar 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Ingi Rúnar Birgisson	76	67	72		215
Magnús Friðrik Helgason	77	69	73		219
Þorsteinn Breki Eiríksson	78	72	80		230
Telpur 15–16 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Elísabet Ágústsdóttir	85	87	91		263
Freydís Eiríksdóttir	84	94	97		275
Stelpur 13–14 ára	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Herdís Lilja Þórðardóttir	98	88	91		277
Alma Rún Ragnarsdóttir	101	92	93		286
Anna Júlía Ólafsdóttir	102	104	105		311
Öldungar karla 0–20,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Gunnar Árnason	86	84	84		254
Sighvatur Dýri Guðmundsson	85	94	81		260
Bogi Ísak Nilsson	83	87	93		263
Öldungar karla 21–36	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Kristján Þór Gunnarsson	104	107	94		305
Bergþór Njáll Kárason	98	109	101		308
Brynjar Björnsson	107	99	103		309
Öldungar konur 0–24,9	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Öldungar konur 25–40	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Öldungar karla 70 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Hákon Sigurðsson	93	95	92		280
Guðmundur Ólafsson	94	93	93		280
Guðmundur Magnús Oddsson	99	103	97		299
Öldungar konur 65 ára +	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Alls
Konný Hansen	105	97	101		303
Ágústa Guðmundsdóttir	112	111	103		326
Siggerður Þorvaldsdóttir	103	117	113		333

Gríptu með þér eitthvað gott

Náðu þér í næringu í hádeginu og fylltu á tankinn með hollum skyndibita eða bara skyndibita á næstu þjónustustöð N1.




Hluti af hádeginu

N1

LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI
2011 - 2012 - 2013 - 2014



LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI
2011 - 2012 - 2013 - 2014



ÞAÐ ER MUNUR Á GOLFBOLTA OG GOLFBOLTA #1 Á MARKAÐNUM



Flestir bestu kylfinga heims nota Titleist golfbolta. Ástæðurnar eru gæði og stöðugleiki við hvert högg. Í ár kynntum við til leiks nýja kynslóð af Pro V1 og Pro V1x. Þeir eru mýkri, lengri fyrir flesta kylfinga og ný aðferð við húðun gerir þá bjartari og endingabetri.

Það krefst skuldbindingar að skara fram úr. Ástríða, hugmyndaflug og áhersla á smáatriði hefur skilað Titleist þeim árangri sem við státum af. Okkar markmið er að hjálpa kylfingum að leika á lægra skori. Það er munurinn á golfbolta og bolta #1 á markaðnum.



Titleist
#1 ball in golf.®



Velkomin í Kópavog

lifandi menning allt árið um kring

BÓKASAFN KÓPAVOGS | Hamraborg 6a | Sími 570 0450 | bokasafnkopavogs.is

GERÐARSAFN | Hamraborg 4 | Sími 570 0440 | Frítt inn á miðvikudögum, lokað mánudaga | gerdarsafn.is

TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS | Hábraut 2 | Sími 570 1693 | tonlistarsafn.is

SALURINN TÓNLISTARHÚS | Hamraborg 6 | Miðasala 5 700 400 | Fjölbreytt dagskrá | salurinn.is

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA KÓPAVOGS | Hamraborg 6a | Sími 570 0430 | Aðgangur ókeypis | natkop.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Snertu framtíðina!

GLÆSILEGAR OG HAGNÝTAR LAUSNIR FYRIR FUNDA- OG RÁÐSTEFNURÝMI!

Veldu Clevertouch, markaðsleiðandi, gagnvirka snertiskjáinn frá Sahara. Stærðir: 32" - 84". Nýjasta snertitækni er innbyggð í skjáinn og geta margir notendur unnið á hann í einu. Háskerpu upplausn og hábirtu, gljállaus skjár birtir myndir í hágæðum fyrir rými með lágt eða hátt birtustig. Hægt að fá ýmsar festingar, lyftur og standa fyrir snertiskjáina.

Allar nánari upplýsingar í síma 580 0000

 DisplayNote  Snowflake*

Þessi hugbúnaður fylgir öllum snertiskjám frá Sahara!

www.a4.is / sími 580 0000

A4

Vallarnefnd 2013–2014

Skipan Vallarnefndar:
Simon Kristjánsson formaður
Andrés I. Guðmundsson
Derrick Moore
Eðvald Geirsson
Guðmundur Á. Gunnarsson
Jóhann Ríkey Sigurðardóttir

Skipan Trjáræktarnefndar
Eðvald Geirsson
Gísli Guðbjartsson
Guðmundur Ólafsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Ingólfur Hansen
Ólafur Nilsson.

Fundir á starfsárinu

Vallarnefnd hélt 8 bókaða fundi á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja framkvæmdir og umhirðu golfsvæðis GKKG í samstarfi við vallarstjóra, sem er einn nefndarmanna. Aðalmarkmið 2014 var að snyrta völlinn fyrir Íslandsmótið í högggleik 2014 en undirbúningur fyrir mótið hefur staðið undanfarin ár. Nefndarmenn eru mjög ánægðir með framkvæmd mótssins og

sérstaklega góða aðkomu sjálfboðaliða að mótinu. Næstu verkefni tengjast byggingu íþróttamiðstöðvar GKKG og eru þegar hafnar framkvæmdir við 18 brautina Leirdal og teiga á 1 braut Mýrinni. Mýrarnefnd hefur verið skipuð og munum við leggja áherslu á framkvæmdir við 9 holu völlinn á næstu árum. Golfaðstaða GKKG er orðin ein sú glæsilegasta á landinu. 18 holu Leirdalsvöllur og 9 holu völlur í Vetarmýri.

Trjáræktarnefnd er undirnefnd vallarnefndar og hefur nefndin enn eitt árið unnið frábært starf með skipulagningu á vinnudögum við gróðursetningu og snyrtingu. Áhersla þetta árið var á snyrtingu trjáreita.

Annars vísa ég í ársskýrslu vallarstjóra sem er hér aftar og ársskýrslu trjáræktarnefndar.

Ég vil þakka öllu starfsfólki vallarins fyrir gott starf á liðnu starfsári og sérstaklega Guðmundi Á. Gunnarssyni vallarstjóra sem stýrir starfinu af miklum áhuga. Loks þakka ég meðnefndarmönnum mínum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á þessu starfsári.

Simon Kristjánsson,
formaður vallarnefndar

Árangur í verki



Traust
Viðsýni
Þekking
Gleði

Mannvit býður þjónustu á sviði verkfræði, verkefnastjórnunar, jarðvísinda, byggingarefnarannsóknna, rekstrar og heildarumsjón verkefna. Við leggjum áherslu á trausta og faglega ráðgjöf sem byggir á áratugalangri reynslu og þekkingu.

 MANNVIT

Skýrsla vallasstjóra 2014

Eftir mjög erfiða vetrartíð komu golfvelli GKG bara merkilaga vel undan vetri þetta árið. Mikil kal var þó í sumum brautum og teigum en flátir sluppu að mestu, enda var mikið gert til að koma í veg fyrir kalskemmdir í þeim. Vellirnir voru opnaðir 10. maí og þeim síðan lokað aftur þann 21. október. Golfvertíðin hjá GKG varði því í 165 daga á árinu 2014, jafn lengi og árið áður.

Veðurfar lék stórt hlutverk hjá vallasstjórnunum allt þetta ár. Í byrjun desember byrjuðu að myndast svekkur yfir nánast öllu vallarsvæðinu og vellirnir voru síðan í klakaböndum næstu mánuðina. Klakinn kom sér fyrir á ótrúlegustu stöðum og breytti þá engu hvort um slétt svæði eða hallandi var að ræða. Sumarið var síðan mjög blautt, sem hafði sín áhrif á vellina, en það jákvæða var þó að sumarið var ágætlega hlýtt og því gekk nokkuð vel að græða upp þau svæði sem hvað verst fóru undir klakanum um veturinn.

Vinnudagur var haldinn 1. maí og voru helstu verkefni að hreinsa rusl af vellinum og snyrta umhverfi skálans. Mætingin á vinnudaginn var frábær og komu um 80 manns að störfum við að fegra svæðið. Vallarstjóri vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir gott framtak við að gera völinn snyrtilegri.

Tækjakaup

Í febrúar var keyptur mjög svo öflugur blásari sem nýttist vel í baráttunni við svellið. Í maí kom ný kargaslátuvél af gerðinni Toro Groundmaster 4500D og hefur reynt afar vel. Einnig var keyptur helmingshlutur í yfirsáningarvél sem var mikið notuð við að koma grasvexti af stað á kalsvæðum og vellinum í gang eftir veturinn. Í júní er að á næstu árum verður GKG að halda áfram endurnýjun á vélum og tækjum.

Framkvæmdir

Flestar þær framkvæmdir sem fara áttu fram á vetrarmánuðunum lentu á köldum klaka, því mesta púðrið fór í baráttu við svellið sem lá yfir vellinum. Áætlanir gerðu þó ekki ráð fyrir neinum stórum framkvæmdum þetta árið, heldur færi vinna vallasstjóranna að mestu í minni lagfæringar, endurbætur, snyrtingu og fegrin á vellinum þar sem Íslandsmótið í höggleik væri framundan.

Ein stærsta framkvæmdin yfir veturinn var smíði á nýju salernishúsi sem sett var niður milli 5. og 6. brauta á Mýrinni og nýttist líka þeim sem leika Leirdalinn, milli 14. og 15. Brauta þar. Salernishúsið var hannað af Hafsteini, vélvirkja GKG, og að öllu leyti smíðað af vallasstjórnunum.

Við staðsetningu á fyrirhugaðri byggingu íþróttamiðstöðvar GKG varð ljóst að 18. flötin þyrfti að færast til. Vallarnefnd ákvað að fá golvallasarkitektinn Snorra Vilhjálmsson í að hanna nýja flöt og umhverfi hennar en jafnframt var ákveðið að lagfæra og endurmóta góðan hluta brautarinnar, sem lengi hefur staðið til vegna missigsdælda í henni. Snorri hefur skilað sínum teikningum og þann 23. október fór verkið af stað og gengur vel. Áætlað er að allt svæðið verði grófjafnað nú fyrir vetur og síðan fullmótað og sáð í það sem fyrst næsta vor. Reiknað er með að verkið taki tvö ár í vinnslu, en verði veðurfarsaðstæður hagstæðar í kjölfar sáningar má vera að svæðið verði hæft til golfleiks fyrir.

Starfsmannahald

Þrír heilsársstarfsmann vinna við golfvelli GKG. Guðmundur Árni Gunnarsson vallasstjóri, Kristinn Bjarni Heimisson aðstoðarvallasstjóri og Hafsteinn Eyvindsson vélvirki. Þegar mest var í sumar þá störfuðu 35 manns við vellina. Sumarstarfsmennirnir komu flestir frá sveitarfélögum. Þakka ber Kópavogi og Garðabæ fyrir þeirra stuðning við GKG. Vallarstjóri vill þakka þessum góða hópi starfsmanna fyrir frábær störf í sumar.

Lokaorð

Nú er að baki mjög svo lærdómríkt, erfitt, en jafnframt skemmtilegt ár á Vífilstaðavelli. Barátta við að brjóta svekkur og klaka hófst strax í byrjun janúar og í því verki voru tveir starfsmenn nánast upp á hvern dag fram í miðjan mars. Fyrir vikið þurfti að ýta öllum öðrum framkvæmdum út af borðinu, þess utan sem varla var ekki hægt að vinna á neinum vélum á svæðinu vegna hálfu.

Svo kom völlurinn undan svellinu og fljótlega var hægt að meta skaðann. Þegar fór að hlýna var síðan hægt að byrja að vinna í að koma grasvexti af stað á þeim svæðum sem fóru hvað verst. Sú vinna gekk almennt nokkuð vel og starfsmenn og kylfingar geta verið sáttir við hvað völlurinn náði sér vel á strik. Endurheimt gróðurs eftir kalskemmdir er þolinmæðisvinna, þetta gerist ekki á einni nóttu.

Hið úrkomusama sumar fór ekki fram hjá mörgum og vellirnir liðu fyrir í miklu bleytuástandi. Vinna við drenlagnir er hafin á mestu bleytusvæðunum og verður haldið áfram í vetur ef veður leyfir. Íslandsmótið í höggleik fór fram á Leirdalsvelli í júlí og er undirritaður mjög sáttur við hlut vallasstjóra, miðað við það sem á undan var gengið. Keppendur virtust ánægðir með völinn og veðrið skánaði mikið þá daga sem mótið stóð. Völlurinn kom mjög vel út í sjónvarpsútsendingu og fékk góða kynningu. Júlímánuður var langmesti álagstíminn á vellinum í sumar því Meistararmótið var haldið tveimur vikum á undan Íslandsmóti. Það var því mikið álag og keysla á starfsfólki vallasstjóra um tíma en það stóð sína vakt með miklum sóma.

Að lokum vill ég þakka framkvæmdarstjóra, vallarnefnd, mótstjóra Íslandsmóts og stjórn GKG fyrir frábært samstarf á árinu. Framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu á golfaðstöðu GKG.

Guðmundur Árni Gunnarsson,
vallasstjóri GKG





Störf trjáræktarnefndar 2014

Nefndin hélt nokkra fundi í febrúar - apríl til undirbúnings vor og hauststarfinu.

Sjálfböðavinnudagar voru ákveðnir bæði að vori og hausti og einnig voru helstu verkefni ákveðin með samþykki vallarstjóra.

Framkvæmdastjóri heimilaði 300 þkr. til kaupa á nýjum trjám.

Vallarstjóri keypti fallegar furur fyrir upphæðina og lét gróðursetja á vel valda staði.

Nefndin og vallarstjóri voru í góðu sambandi við garðyrkjustjóra beggja bæjanna. Áformað var að leita meira til þeirra með fyrirgreiðslu og ýmis konar ráðgjöf.

Haldnir voru fimm sjálfböðavinnudagar í apríl og maí.

Hvern vinnudag komu 6-12 karlar og konur til starfa á vellinum í ca 3-4 klst. Mest var unnið við að snyrta og klippa tré og runna og fjarlægja sködduð og dauð tré. Því miður tókst ekki að ljúka við að fjarlægja öll dauð tré og setja önnur í staðinn.

Ekkert var unnið að trjárækt að undirlagi nefndarinnar haustið 2014 eins og ráðgert hafði verið.

Í nefndinni voru eftirtaldir félagar: Eðvald Geirsson, Gísli Guðbjartsson, Guðmundur Ólafsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Ingólfur Hansen, Jóhannes Karlsson og Ólafur Nilsson.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktaraðilum klúbbsins gott samstarf í gegnum með von um hjarta framtíð.

Einar Gunnar Guðmundsson

Hvatapeningar 2014



Náðu í hvatapeningana

STRAX

Ekki lenda í biðröð

FORELDRAR ATHUGIÐ

Hvatapeningar 2014 fyrnast um áramótin!

Öll börn í Garðabæ á aldrinum 5-18 ára fá 27.500 krónur í hvatapeninga til íþrótt- og æskulýðsstarfs á árinu 2014. Hvatapeninga 2014 þarf að nýta fyrir áramót.

Upplýsingar um hvatapeninga veitir þjónustuver Garðabæjar í síma 525 8500.



GARÐABÆR



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar þakkar MHG fyrir samstarfið við framkvæmd Íslandsmótsins í golfi 2014







Það heyrir til undantekninga að aganefnd GKG berist erindi og er hún því sjaldan kölluð saman. Það bar þó við sumarið 2012 að henni barst kæra. Þann 7. ágúst 2012 barst aganefnd kæra frá GKG vegna atviks sem átti sér stað á æfingasvæði GKG þann 6. ágúst 2012. Í kæru er kærða gefið að sök að hafa vísitandi skapað hættu fyrir iðkendur á æfingasvæði með því að slá golfbolta viljandi að skýli því sem þeir voru í við æfingar. Í framhaldi af því var aganefnd kölluð saman. Formaður nefndarinnar Kjartan Bjarnason, alþjóðadómari, fékk þá Sæmund Melstað, alþjóðadómara, Bergsvein Þórarinnsson, landsdómara og Þorgrím Björnsson, landsdómara, til að taka á málinu með sér. Nefndin fundaði nokkrum sinnum vegna málsins síðastliðinn vetur og aflaði upplýsinga um málið og kannaði fordæmi annarra aganefnda. Í stuttu máli þá kom í ljós að þetta mál var fordæma laust og þurfti nefndin því að vanda gagnaöflun og úrskurð. Kærða var sent bréf og honum gefinn kostur á að skila inn greinagerð vegna málsins sem hann gerði.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lögum GKG ber aganefnd að taka kærur sem þessar til meðferðar og sér aganefnd engan ágalla á málinu sem hindrað gæti fyrirtöku hennar. Það er ljóst samkvæmt golfreglum sem í gildi eru, að öllum iðkendum beri að sýna af sér almenna viðringu og kurteisni gagnvart öllum sem íþróttina stunda. Þó

lýsing málsaðila sé ekki að öllu leiti sambærileg um atburðarásina, er óumdeilt að ákærði hafi slegið golfbolta vísitandi í átt að iðkendum á æfingasvæði og með því skapað hættu fyrir þá sem þar voru við æfingar. Þetta viðurkennir ákærði í sínu svari til aganefndar.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámalisverð. Þykja hæfileg viðurlög vera afnotabann og keppnisbann á svæði GKG í 4 vikur á formlegum sumaropnunartíma golfvalla GKG. Þar sem umfjöllun aganefndar hefur tekið lengri tíma en réttlæta má og kærði njóti því ekki sanngjarnrar málsmeðferðar með því að úrskurða kærða í bann frá úrskurðardegi, sérstaklega þar sem nýtt golfár er hafið með innheimtu félsgsgjalda og kærða því gerð aukin refsing með því að setja hann í umrætt bann frá úrskurðardegi. Af þeim sökum telur aganefnd sanngjarnt og eðlilegt að áminna kæra en skilyrða áminninguna til kærða þannig að hún breytist í 4 vikna æfinga- og afnotabann, eins og að framan greinir, á golfsvæði GKG ef kærði gerist sekur um agabrot, að mati aganefndar, innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.

Úrskurður

Kærði er áminntur. Áminningin skal breytast í 4 vikna afnota- og keppnisbann á svæði GKG á sumaropnunartíma golfvalla GKG gerist kærði sekur um agabrot innan 12 mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar.



FJÁRÖFLUNARNEFND

Nefndarmenn :Einar Gunnar Guðmundsson og Agnar Jónsson.

Helsta fjáröflunarleiðin var að afla tekna með skriflegum fyrirtækja-samningum. Þá voru tekjur aflaðar með fyrirtækjamótum, boðsmótum, aulýsingasölu, merkingum á völlum GKG og frá ýmsum velunnurum.

Nefndin réði til starfa Birgir Leif Halþórsson sem viðburðar og markarstjóra GKG. Auk þess að vera PGA menntaður golkennari og okkar mesti afrekskyflingur, þá hefur Birgir Leifur gott tengslanet innan Íslensku fyrirtækjalórunnar og því góður liðsmaður við að búa til þjónustupakka við íslensk fyrirtæki og afla með þeim hætti nauðsynlegar tekjur fyrir starfseminna.

Ýmsar nýjir styrktaraðilar bættust við þá styrktaraðila sem hafa fylgt okkur í gegnum árin en þar ber helst samingur við N1 sem

er aðalstyrktaraðili klúbbsins og samningur við Ölgerðina var endurnýjaður sem styrkja barna- og unglíngamótaraðir GKG.

Vöruúrval golfverslunar var aukið til muna í tilefni 20 ára afmælis klúbbsins og var söluaukning á milli ára um 50%.

Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir við nýja íþróttarmiðstöð verður eitthvað þrengra í húsakynnum GKG á næsta ári. Nefndin vill hvetja sem flesta félagsmenn til að aðstoða við fjáröflun á komandi ári því margannað er að margar hendur vinna létt verk.

Fjáröflunarnefndin vill þakka öllum styrktaraðilum klúbbsins gott samstarf í gegnum með von um hjarta framtíð.

Einar Gunnar Guðmundsson, nefndarformaður.

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014.

Garðabæ, 14. nóv 2014

Guðmundur Þellsson
Kristinn Jónsson

Gunnar Gunnarsson

Áslaug Sigurðardóttir

Simon Kufarsa
Einar Einarsson

Dr. K. Björnsson

Sigurður Jónsson

Gunnar Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar fyrir reikningsárið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. nóvember 2013 til 31. október 2014, fjárhagsstöðu þess 31. október 2014 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju

Reykjavík, 14. nóvember 2014

KPMG ehf.

Sigurður C. Guðsson

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, höfum yfirfarið ársreikning þennan og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggar upplýsingar um rekstur klúbbsins á reikningsárinu, fjárhagsstöðu hans í lok reikningsársins og um breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Garðabær, 14. nóvember 2014

Ólafur Þellsson
Simon J. Þórisson

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2013 til 31. október 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		124.899.694	126.010.260
Vallargjöld		6.659.260	8.402.030
Bolta- og kerruleiga		4.810.375	4.491.990
Tekjur af golfmótum		17.595.040	10.974.700
Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar		36.129.682	42.629.317
Sértækjur íþróttasviðs		11.217.350	10.095.450
Aðrar rekstrartekjur	6	6.896.924	4.556.866
		<u>208.208.525</u>	<u>207.160.603</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	109.695.857	90.686.693
Skáli og áhaldahús	8	6.655.687	4.868.883
Golfvöllur og æfingarsvæði	9	22.478.919	49.281.953
Unglingastarf og almenn kennsla	10	1.531.978	2.209.082
Keppnisgolf og mótahald	11	19.349.946	10.685.502
Gjöld til GSÍ		6.865.300	6.862.800
Annar rekstrarkostnaður	12	9.108.731	9.959.327
Lóðarleiga		4.260.000	4.100.000
Afskriftir	4	16.072.258	12.179.551
		<u>196.018.676</u>	<u>190.833.791</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		12.189.849	16.326.812
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.110.123	946.281
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.171.420)	(1.985.206)
		<u>(1.061.297)</u>	<u>(1.038.925)</u>
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		11.128.552	15.287.887

Efnahagsreikningur 31. október 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Golfvöllur		218.766.295	218.766.295
Golfskáli og áhaldahús		48.191.204	19.497.515
Bifreiðastæði og umhverfi		38.932.447	32.908.655
Vélar, tæki og áhöld		31.951.861	27.784.296
Fastafjármunir	4	<u>337.841.806</u>	<u>298.956.761</u>
Vörubirgðir		1.686.173	852.501
Viðskiptakröfur		5.268.266	3.726.760
Handbært fé		480.475	5.107.955
Veltufjármunir		<u>7.434.914</u>	<u>9.687.216</u>
Eignir samtals		345.276.720	308.643.977
Eigið fé			
Eigið fé		313.979.293	302.850.741
Eigið fé	5	<u>313.979.293</u>	<u>302.850.741</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		17.112.268	0
Viðskiptaskuldir		8.323.314	1.671.083
Aðrar skammtímaskuldir		5.861.845	4.122.153
		<u>31.297.427</u>	<u>5.793.236</u>
Skuldir		<u>31.297.427</u>	<u>5.793.236</u>
Eigið fé og skuldir samtals		345.276.720	308.643.977

Sjóðstreymisyfirlit

1. nóvember 2014 til 31. október 2015

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		11.128.552	15.287.887
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		0	(1.075.900)
Afskriftir	4	16.072.258	12.179.551
Veltufé frá rekstri		27.200.810	26.391.538
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, hækkun	(833.672)	(194.501)
Skammtímafrófur, (hækkun) lækkun	(1.541.506)	4.184.086
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		8.391.922	(5.660.982)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		6.016.744	(1.671.377)
Handbært fé frá rekstri		33.217.554	24.720.161
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(54.957.303)	(19.719.377)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	1.250.000
Fjárfestingarhreyfingar	(54.957.303)	(18.469.377)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		17.112.268	(1.431.798)
Fjármögnunarhreyfingar		17.112.268	(1.431.798)
Breyting á handbæru fé	(4.627.481)	4.818.986
Handbært fé í byrjun tímabils		5.107.955	288.969
Handbært fé í lok tímabils		480.474	5.107.955



VIÐ ERUM ÞAR SEM FYRIRTÆKIN ERU

Fyrirtækjaþjónusta Arion banka er þar sem fyrirtækin starfa. Í útibúi okkar við Garðatorg í Garðabæ starfa fyrirtækjaráðgjafar sem bjóða þínu fyrirtæki sérsníðna þjónustu og faglega ráðgjöf á öllum sviðum sem lúta að bankaþjónustu við fyrirtæki.

Við leggjum áherslu á að vera í næsta nágrenni við viðskiptavinum okkar.

- Líttu við hjá okkur í útibúinu við Garðatorg.



**LÍFLEGUR GOLFKLÚBBUR
 FRÁBÆRT FÉLAGSLÍFI!**

GÓÐ EFTIR ÆFINGAR OG Á MILLI MÁLA



VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI. HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.

Emil Þór Ragnarsson

Ingunn Einarsdóttir



Lokaorð

Ég trúi að þetta starfsár sé það viðburðarríkasta í sögu GKG. Þar kemur margt til, en þó er helst að nefna að við höldum Íslandsmótið í högggleik í fyrsta sinn á okkar velli. Framkvæmd mótsins tókst með miklum ágætum og höfum við fengið mikið hrós fyrir. Margir hafa sagt að við hefðum sett ákveðin standard fyrir Íslandsmót framúðarinnar með glæsilegri umgjörð. Þá fannst mönnum mikið til koma hve mikil jákvæðni hefði verið meðal okkar félaga og allir verið tilbúnir að leysa úr öllum málum, með bros á vör. Alls voru um 100 sjálfboðaliðar úr GKG sem komu að mótshaldinu. Eins og allir vita, þá höfum við unnið að undirbúningi að byggingu fyrir okkar starfsemi í mörg ár. Ég held að ég hafi sagt á síðustu aðalfundum að nú verði byrjað á þessum framkvæmdum á næsta ári. Nú er hins vegar komið að því að við getum hafist handa og hefur mikil undirbúnings vinna verið unnin. Við höfðum gert ráð fyrir því að framkvæmdir hefust um miðjan október, en þegar þetta er skrifað vantar enn heimild frá ráðuneytinu um byggingarleyfi. Eins og glögggt má sjá við lestur þessarar ársskýrslu er unnið mjög

metnaðarfullt starf innan GKG. Þar koma margir að og vill stjórnin þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vitanlega mæðir mest á framkvæmdastjóranum, Agnari Má Jónssyni, vallarstjóranum Guðmundi Á. Gunnarssyni og Úlfari Jónssyni íþróttastjóra. Þessir þrír eru lykilmenn í öllum umsvifum GKG og vill stjórnin þakka þeim öllum sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Vellirnir okkar hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum og s.l. sumar var mikil áhersla lögð á aukna snyrtingu þeirra og það kunnum við öll vel að meta.

Ég vil svo þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki GKG ásamt öllum félögum í klúbbnum og ekki síst öllum þeim mikla fjölda sem vinnur við þjálfun og starfar í nefndum á vegum GKG fyrir þeirra þátt í að gera klúbbinn okkar sem öflugastan.

Guðmundur Oddsson, formaður.



VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA



Ást við fyrstu sýn

Egils



Egils Malt og Appelsín